

Fundargerð 5. fundar hreppsnefndar Ásahrepps haldinn að Laugalandi kl 15, 12. júlí 2014. Mætt eru Egill Sigurðsson, Nanna Jónsdóttir, Elín Grétarsdóttir, Karl Ölvisson, og Renate Hannemann. Björgvin G. Sigurðsson ritaði fundargerð.

Egill Sigurðsson oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Kynning á fundargerð síðasta fundar.

Heimild til handa sveitarstjóra til úttektar á reikningum sveitarfélagsins samþykkt með undirritun þriggja hreppsnefndarmanna og tveggja votta.

Samningur um refaveiðar. Drög að samningi við Umhverfisstofnun þar sem Ásahreppur lendir í efsta endurgreiðsluflokki, 33% kynntur. Sveitarstjóri fer yfir efni samningsdraganna. Drögin að samningi samþykkt og sveitarstjóra falið að undirrita þau fyrir hönd Ásahrepps.

Fundargerðir til afgreiðslu.

- a. Fundargerð Skipulagsnefndar kynnt. Liður nr. 1 málsnúmer 201407875552. Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar er varðar grjótnámu við Köldukvísl ofan Sporðöldulóns.
- b. Liður 16. málsnúmer 201407515547. Deiliskipulag Vetleifsholts 2, landnúmer 165321. Hreppsnefnd samþykkir heimild til að hefja vinnu við deiliskipulag á svæðinu.

Fundargerðir til kynningar. Fundargerð 18. fundar stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs.

Önnur mál.

Innsend erindi.

- a. Beiðni um aðild að afréttarskrá. Martin Winkler eigandi Dvergabakka í Ásahreppi óskar eftir því að lögbýli hans sé tekið inn á afréttarskrá Holtamannaafreftar. Oddviti kynnr erindi hans fyrir hreppsnefnd. Ákveðið að fá álit lögmanns á erindinu.
- b. Erindi frá Landsvirkjun um Rannsóknarboranir í Ásahreppi vegna Skrokkölduvirkjunar, vísað til bréfs sent oddvita Ásahrepps 5. apríl 2013 vegna rannsóknarborana, en þar sem virkjanakosturinn er í biðflokki Rammaáætlunar er ekki tímabært að hefja gerð aðalskipulags.

[Type text]

- c. Erindi frá Landgræðslu ríkisins um gerð landbótaáætlana sem skulu uppfærðar í samræmi við ákvæði nýrrar reglugerðar og því lokið fyrir 31. desember 2014. Sent sveitarfélaginu til upplýsingar. Erindinu vísað til fjallskilaneftndar til umsagnar.
- d. Styrkbeiðni frá Daða Frey Péturssyni frá Vörðuholti vegna tónlistarnáms í Þýskalandi, tiltekur ástæður náms og kostnað við það en óskar ekki eftir tiltekinni upphæð. Samþykkt að veita honum styrk að upphæð 60.000 kr.
- e. Sveitarstjóri greinir frá fyrirhuguðum ferðum sveitarstjórnar Ásahrepps í Mýrdalshrepp og Skeiða-og Gnúpverjahrepp til kynningar á ljósleiðaralögnum í þeim sveitarfélögum. Búið að ræða við forsvarsmenn og ferðin áætluð fyrstu vikuna í september.

Önnur mál engin. Fundi slitið kl. 17.50. Fundargerð upplesin og samþykkt.